

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi bæjartorfunnar í landi Miðengis.*  
Í breytingunni felst að afmörkuð er 4.000 m<sup>2</sup> lóð utan um íbúðarhúsið Miðengi 1 og heimiluð stækkun hússins um 150 m<sup>2</sup>, gert er ráð fyrir stækkun núverandi útihúsa á svæði merkt B þannig að þau verði allt að 2.000 m<sup>2</sup> og gert er ráð fyrir stækkun á útihúsum á svæði merkt C þannig að þau verði einnig allt að 2.000 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2014.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Bústjórabyggðar í landi Miðengis.*  
Í breytingunni felst að tvær frístundahúsalóðir bætast við á norðvesturhluta svæðisins, Bústjórabyggð nr. 17 og 18.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2014.
3. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Hlauphóla úr landi Stóru-Borgar.*  
Deiliskipulagið nær til 28 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir 38 frístundahúsalóðum. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03, heimilt er að reisa allt að 40 m<sup>2</sup> geymslu, svefnhús eða gróðurhús á lóðunum.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2014.
4. *Deiliskipulag frístundabyggðar á Sandi í landi Villingavatns.*  
Deiliskipulagið nær til 3 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir fjórum frístundahúsalóðum. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03, heimilt er að reisa allt að 40 m<sup>2</sup> svefn- og gróðurhús á lóðunum. Hámarkshæð húsa frá botnplötu er 5 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 16. júní 2014.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**